

VIII. KAFLI.

84

25. ágúst

Lögtaksréttur og hegningarákvæði.

19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 500,00, nema þyngri refsing liggi við. Sektir renna í sveitarsjóð Gerðahrepps.

20. gr.

Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál. Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1932.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 25. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

85

1. sept.

um

kosningu alþingismanns fyrir Reykjavík.

Þar sem alþingismaður Einar Arnórsson hefir verið skipaður dómari í Hæstarétti, og hefir þess vegna misst kjörgengi til Alþingis, er nú orðið autt sæti eins alþingismanns fyrir Reykjavík.

Fyrir því er hérmeð, samkvæmt 53. gr. laga nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis, skipað svo fyrir, að kosning skuli fara fram laugardaginn 22. október 1932 á einum alþingismanni fyrir Reykjavík í stað hins fráfarna þingmanns.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosning þessa, og sjá um, að hún fari fram lögum samkvæmt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. september 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.